

## **2. mál Tillaga borgarfulltrúa Vinstri grænna um að atvinnulausir og þeir sem þiggja fjárhagsaðstoð fái frítt í sund og fleira**

**Þorleifur Gunnlaugsson:** Forseti, borgarfulltrúar. Með leyfi forseta flyt ég tillögu sem að hluta til er samhljóða tillögu sem ég flutti hér í borgarstjórn 16. mars síðastliðinn. Tillagan fjallar um það að atvinnulausum og fólki á fjárhagsaðstoð verði gert kleift að sækja sundstaði borgarinnar sér að kostnaðarlausu en við hana er nú bætt tillögu um að það sama gildi um bókasöfn borgarinnar. Það er nú svo í mínum huga allavega að þessi tillaga er neyðarbrauð. Hún túlkar þá staðreynd að hér í borg er fólk sem ekki hefur efni á því að veita sér það sem öðrum finnst vera sjálfsagt. Hún túlkar þá staðreynd að í borginni okkar er fátækum að fjölga.

Fátækt er í sjálfu sér afstætt hugtak og þegar kemur að tölfræðinni skiptir náttúrulega máli að skilgreiningar séu á hreinu. Evrópusambandið og OECD tala um afstæð fátæktarmörk. Þá er fólk skilgreint sem fátækt ef tekjur þess fara undir fyrirfram skilgreint hlutfall af tekjum tiltekins viðmiðunarhóps. Í tilfelli Evrópusambandsins sem notar þessa aðferð við mælingar á fátækt meðal aðildarríkja, er þar miðað við að einstaklingur sé fátækur ef tekjur hans eru lægri en 50% af miðgildi ráðstöfunartekna landa hans. Í þeim mælingum er einnig tekið tillit til fjölskyldustærðar og reiknað með að maki þurfi 70% af tekjum sambýliskonu eða -manns og börn þarfnist 50% af tekjum fullorðinnar manneskju. Því miður hafa ekki verið að mér vitandi reiknuð út fátækramörk á Íslandi en það er að sjálfsögðu nauðsynlegt að gera, hafi það ekki verið gert, þá er nauðsynlegt að gera það þannig að umræðan við þessar aðstæður verði á vitrænu stigi.

Skýrsla rannsóknarnefndar Alþingis, sem rædd verður hér á eftir, hefur tröllriðið allri umræðu undanfarna daga. Í skugga skýrslunnar var haldin stórmerkileg málstofa á vegum Seðlabanka Íslands undir heitinu „Hvernig hefur staða heimilanna breyst á undanförunum árum og hverju fá aðgerðir í þágu heimilanna áorkað?“ Þar voru frummælendur þau Karen Á. Vignisdóttir og Þorvarður Tjörvi Ólafsson sem eru bæði hagfræðingar Seðlabankans. Þeirra málflutningur og glærurnar sem þau notuðust við má sjá á heimasíðu Seðlabankans og ég hvet ykkur til að skoða þær. Ég ætla svo sem ekki að kafa djúpt í þær núna enda er þar um að ræða, að mati okkar, borgarfulltrúa Vinstri grænna, dagskrárefni út af fyrir

sig. Við leggjum sem sagt til að staða heimilanna með tilliti til aukinnar fátæktar verði sett á dagskrá næsta fundar borgarstjórnar. Ég vil þó nefna að í máli hagfræðinganna kemur það fram að 14% heimila ná ekki endum saman og að 8% að auki eigi í mesta basli með að ná endum saman. Að um 28.000 heimili séu með neikvæða eiginfjárstöðu og þegar staða barnafólks þar sem allt heimilisfólk er yngra en 40 ára er skoðuð kemur í ljós að eiginfjárstaðan er neikvæð hjá 65% þeirra. Að 20% einstæðra foreldra nái ekki endum saman og 15% til viðbótar séu á mörkunum. Og þá kemur náttúrulega ekki á óvart að af 8.850 heimilum með tekjur um eða undir 150.000 kr. á mánuði er 80% þeirra í sérstökum vanda. 80% af 8.850 heimilum.

Og það er einmitt þetta fólk sem ætti að njóta góðs af tillögunni sem hér er lögð fram. Í ræðunni sem ég flutti hér 16. mars rakti ég feril þessa máls. Munnlega tillögu sem ég vísaði til aðgerðahóps borgarráðs í desember 2008 en á þeim tíma vorum við að reikna með 7% atvinnuleysi, og fannst það alveg svakalegt. Ég held að það sé um 10% í dag. Atvinnumálahópurinn undir forystu Svandísar Svavarsdóttur sendi borgarráði skýrslu 16. febrúar 2009 þar sem lagt var til að athugaður yrði sá kostur að bjóða atvinnulausum frítt í sund og á bókasafn til að tryggja samfélagslega virkni þeirra. Ég fór í gegnum kostnað borgarinnar vegna tillögunnar og ætla ekki að gera það aftur hér, ég fór nokkuð nákvæmlega í gegnum mögulegan kostnað, það er erfitt að reikna þetta út nákvæmlega, en að mínu mati er hann ekki verulegur miðað við þau gæði sem af tillögunni hljóttast.

Forseti, borgarfulltrúar. Íþrótt- og tómstundasvið Reykjavíkur rekur sjö sundlaugar. Í þjónustu sundlauganna birtist vel sá þáttur í menningu borgarbúa sem við tengjum við heilbrigða lífshætti, jafnframt því sem segja má að sundlaugarnar séu aldingarðar Íslands, þar sem íbúarnir, í stað þess að sitja á bekkjum garðanna, sitja á bekkjum pottanna og ræða málin, hvernig sem veðrið er. Og menning okkar á sér einnig djúpar rætur í bókasöfnum borgarinnar. Grunnurinn að Borgarbókasafninu sem var stofnað 1919 var lagður með fé sem fékkst við sölu á fiskibátum sem borgin átti og seldi til Frakklands, þetta var verið að segja mér áðan. Stofnun alþýðubókasafns var einmitt eitt af skilyrðum fyrir sölunni. Borgarbókasafn hefur ávallt verið mikilvægt en líklega aldrei sem nú þar sem þjónusta og safnkostur þess veitir aðgang að öllum þeim upplýsingum sem

hægt er að hugsa sér auk þess sem hæft starfsfólk safnana getur auðveldað gestum leit sína að þeim upplýsingum sem þeir sækjast eftir. Mikil fjölgun atvinnulausa og fólks á fjárhagsaðstoð hefur kallað á virkniáætlun sem verið er að ýta úr vör. Að forða fólki frá þeirri deyfð og því þunglyndi sem fylgt getur aðgerðaleyfinu og hjálpa því aftur inn á vinnumarkaðinn og til almennrar virkni er þetta og þessi tillaga þjóðhagslega hagkvæm. Hvatning til sundferða og heimsókna á bókasöfn getur átt stóran þátt í að auka lífsgæði atvinnulausra og þeirra sem njóta fjárhagsaðstoðar. En eins og áður sagði er tillagan sem hér er lögð fram í raun neyðarbrauð.

Samfélag sem sættir sig við fátækt íbúa sinna er ekki gott samfélag. Sú þróun sem við horfum upp á þar sem æ fleiri fara niður fyrir fátæktarmörk er ekki það sem við viljum. Ég, sem félagshyggjumaður, hlýt að gera þá kröfu að allir hafi nægar tekjur til að framfleyta sér og sínum á sómasamlegan hátt. Að við bjóðum ekki upp á samfélag sérlausna fyrir fátæka sem myndast með biðröðum á hjálparstofnunum, svo dæmi sé tekið. Að allir hafi rétt til að lifa með reisu og því verði ekki náð nema að lágmarkslaun, hvort sem það eru samfélagslaun í formi fjárhagsaðstoðar, tryggingabóta og atvinnuleysisbóta eða samningar á milli verkalyðfélaga og atvinnurekaenda, að allir hafi tekjur sem dugi til þess að lifa sómasamlega lífi. En þannig er það því miður ekki í dag, góðir borgarfulltrúar. Fjárhagsaðstoðin og atvinnuleysisbæturnar standa í stað á meðan verðbólgan stígur. Þeir fátæku verða fátækari og við þær aðstæður er tillaga sem þessi réttlætanleg.

Tillagan er þá þessi:

Lagt er til að þeir íbúar borgarinnar sem eru atvinnulausir og þeir sem þiggja fjárhagsaðstoð fái frítt á sundstaði borgarinnar og frí notendakort að þjónustu Borgarbókasafns út árið 2010. Borgarstjóri útfæri nánar framkvæmd tillögunnar.

Og að lokum vil ég áréttta það að í samskiptum mínum við starfsfólk borgarinnar tel ég að tryggja megji það að atvinnulausir og fólk á fjárhagsaðstoð geti notið þessa án þess að verða sér á nokkurn hátt til minnkunar.

**Forseti:** Borgarfulltrúi Þorleifur Gunnlaugsson hefur lokið máli sínu. Til máls tekur hæstvirtur borgarstjóri.

**2. mál Tillaga borgarfulltrúa Vinstri grænna um að atvinnulausir og þeir sem þiggja fjárhagsaðstoð fái frítt í sund og fleira**

**Borgarstjóri Hanna Birna Kristjánsdóttir:** Forseti, borgarfulltrúar. Ég þakka Þorleifi Gunnlaugssyni fyrir hans tillöguflutning hér og í stuttu máli geri ég það að tillögu minni að tillagan verði samþykkt. Forsaga málsins, eins og borgarfulltrúinn kom vel inn á í sinni ræðu, er sú að þann 16. mars sl. lagði borgarfulltrúi Vinstri grænna og Vinstri grænir fram svohljóðandi tillögu um það að íbúar borgarinnar sem eru atvinnulausir og þeir sem þiggja fjárhagsaðstoð fái frítt á sundstaði borgarinnar út árið 2010. Þá var samþykkt með 14 samhljóða atkvæðum að vísa tillögunni til umsagnar íþróttá- og tómstundaráðs og til velferðarráðs. Síðan hefur tillagan umrædd tekið nokkrum breytingum og viðbótin er fólgin í samhljóða tillögu eða tillögu með svipuðum tóni sem flutt var á vettvangi menningar- og ferðamálaráðs þann 22. mars sl. þar sem borgarfulltrúi Vinstri grænna flutti tillögu um að atvinnulausir og þeir sem njóta fjárhagsaðstoðar í Reykjavík fái bókasafnsskírteini sér að kostnaðarlausu. Þar var lagt til að skírteinin gildi í sex mánuði í senn og svo framvegis.

Þessi tillaga sem hér er flutt í dag af Vinstri grænum inniber báðar þessar tillögur og hefur því tekið þeim breytingum frá því að hún var flutt hér þann 16. mars sl. Velferðarráð hefur tekið málið fyrir og tók málið fyrir á fundi sínum 19. apríl sl. og í umsögn ráðsins kemur fram að rannsóknir sýni að heilsufarslegar afleiðingar atvinnuleysis geti verið töluverðar og eru okkur að sjálfsögðu öllum ljósar og þar er áréttað að þegar einstaklingur missir vinnu skapist ójafnvægi í hinu daglega lífi og það sé því mikilvægt að fólk finni sér eitthvað að gera sem brýtur upp daginn eins og að stunda reglulega hreyfingu. Svo eru nefndir kostir þess að tryggja að þessir einstaklingar sem hér hafa verið nefndir geti notið þeirrar góðu þjónustu sem veitt er á sundstöðum borgarinnar án endurgjalds. Og velferðarráð ítrekar í því sem fylgir frá þeim að fólk í atvinnuleit sem hefur bótarétt frá Reykjavíkurborg verði afhent sundkort að sundlaugum Reykjavíkur eftir að þjónustumiðstöð hefur staðfest gögn frá Vinnumálastofnun. Síðan er í umsögn velferðarráðs og útreikningum gert ráð fyrir því að atvinnuleitendur fái kort sem gildi í sex mánuði.

Við höfum líka fengið umsögn, ekki frá Íþrótt- og tómsundaráði heldur frá Íþrótt- og tómsundasviði þar sem menn hafa verið að reikna út mögulegan kostnað af slíku verkefni og tölurnar, eins og við höfum áður farið yfir á þessum vettvangi hafa verið frá 10 milljónum upp í svona 15 milljónir fyrir það sem tengist sundlaugunum. Þó er nokkuð erfitt nákvæmlega fyrir að spá um það hversu margir nákvæmlega muni nýta sér þetta. Reynslan í nágrennasveitarfélögunum segir okkur að hugsanlega eru þeir útreikningar sem við höfum reiknað hér eitthvað of háir miðað við reynsluna, þannig að við svona vitum ekki nákvæmlega, eins og tillöguflýtyjandi kom inn á, hver talan verður.

Menningar- og ferðamálasvið hefur einnig skoðað kostnað við það að veita þessum aðilum ókeypis útlánaskírteini á bókasöfnin okkar og þau ætla að það gæti numið rúmlega milljón á ári miðað við að fleiri nýti sér bókasafnskort en sundkort og kortin gildi í sex mánuði. Þannig að eins og hefur verið nefnt hér er áætlað að kostnaður vegna þessa geti verið í kringum, svona varleg áætlun er í kringum 12 milljónir en áætlun sem gerir ráð fyrir aðeins meiri sveigju í verkefninu gæti verið allt að 20 milljónir króna.

Við semsagt leggjum til í ljósi þeirra umsagna sem við höfum fengið og í ljósi þeirra umræðna sem verið hafa um málið á vettvangi borgarstjórnar í nokkurn tíma, að borgarstjórn samþykki tillöguna og henni verði vísað til, eins og borgarfulltrúinn gerði grein fyrir, til skrifstofu borgarstjóra, sem mun sjá til þess að ÍTR og menningar- og ferðamálasvið útfæri þessar hugmyndir og setji þær í gagnid sem allra fyrst og síðan verður nákvæm tala borin upp á vettvangi borgarráðs og þá samþykkt sem kostnaðarliður af ófyrirséðu.

**Forseti:** Hæstvirtur borgarstjóri hefur lokið máli sínu. Til máls tekur borgarfulltrúi Ólafur F. Magnússon.

**2. mál Tillaga borgarfulltrúa Vinstri grænna um að atvinnulausir og þeir sem þiggja fjárhagsaðstoð fái frítt í sund og fleira**

**Ólafur F. Magnússon:** Forseti, góðir borgarfulltrúar. Komu í hug orð eins vel menntaðs og hagnæmleis þingmanns Sjálfstæðisflokksins árið 1999, sem greiddi atkvæði með í Alþingi að fram myndi ná að ganga ein arfavitlausasta hugmynd í orkumálum og efnahagsmálum sem nokkurn tímann hefur verið borin upp þar, það er að segja um virkjun á Eyjabökkum, sem hefði framleitt 4% af samanlagðri orku Kárahnjúkavirkjunar, það hefði verið sett lón á stærð við Mývatn yfir hina einstöku náttúruferlu. Þessi ágæti maður sagði þegar hann greiddi atkvæði með þessu rugli, án þess að skammast sín, takið vel eftir, án þess að skammast sín, ég skammaðist mín hræðilega þá þegar árið 1999, fyrir að vera í Sjálfstæðisflokknum, kominn með upp í kok á þeim flokki, hann sagði: „Þó fyrir hefði verið.“

Þau orð vildi ég gera að mínum núna þegar þessi tillaga kemur fram af því að um langt árabil hef ég verið að flytja tillögu eftir tillögu eftir tillögu um niðurfellingu og lækkun gjaldskrár fyrir börn, unglina, aldraða og öryrkja, þá sem lakast standa í heilsufarslegu, fjárhagslegu og atvinnulegu tilliti. Ég hef yfirleitt ekki fengið stuðning við þessar tillögur hér í borgarstjórn. Meðal annars ekki á sínum tíma frá Vinstri grænum, af því að þeir voru í kosningabandalagi við Framsóknarflokkinn sem hét R-listinn, og ég vænti ekki oft stuðnings frá þeim sem nú mynda meirihluta borgarstjórnar, vegna þess að þeirra forgangsörðun er önnur eins og dæmin sanna og kemur best fram hér á eftir í umræðum um rannsóknarskýrslu Alþingis. En ég ætla ekki að vera langorður að öðru leyti um þetta. Eins og ég sagði: þó fyrir hefði verið að svona tillaga komi fram og auðvitað hlýt ég að fagna henni en ég legg fram svohljóðandi bókun:

Á tuttugu ára borgarstjórnarferli mínum hef ég flutt fjölda tillagna í borgarstjórn um lækkun eða niðurfellingu gjalds hjá borginni fyrir börn, unglina, aldraða, öryrkja og þá sem lakar standa í fjárhagslegu og atvinnulegu tilliti. Þó að tillagan sem hér er borin fram varði aðeins lítið brot af þeim tillögum sem ég hef flutt um þessi mál þá fagna ég engu að síður framkominni tillögu. Ég minni enn og aftur á alvarlegan skort á því að fjórflokkurinn forgangsraði til velferðar- og öryggismála í borginni.

Bstj. 20. apríl 2010

**Forseti:** Borgarfulltrúi Ólafur F. Magnússon hefur lokið máli sínu og lagt fram bókun. Til máls tekur borgarfulltrúi Jórunn ... Til máls tekur borgarfulltrúi Björk Vilhelmsdóttir.

## **2. mál Tillaga borgarfulltrúa Vinstri grænna um að atvinnulausir og þeir sem þiggja fjárhagsaðstoð fái frítt í sund og fleira**

**Björk Vilhelmsdóttir:** Forseti, ágætu borgarfulltrúar. Ég fagna því að borgarstjóri lagði til að þessi tillaga frá fulltrúum Vinstri grænna verði samþykkt og það verði fundnar leiðir til þess að atvinnulausir og þeir sem þiggja fjárhagsaðstoð fái frítt í sund og í bókasöfn. Þetta var rætt í velferðarráði sem sagt í gær og það samþykkt að veita þessu jákvæða umsögn þar sem þar er verið að vinna út frá þeirri hugmyndafræði að fólk sé virkt og áætlaður kostnaður vegna sundsins var þá 20-40 milljónir. Hins vegar er það mjög mikilvægt þegar við erum að skoða svona sértækar lausnir, hvort það sé ekki verkefni okkar sem borgaryfirvalda að tryggja að fólk geti lifað á þeirri framfærslu sem hér er í boði og við þurfum að tengja hana lágmarksframfærslu eða fátæktarmörkum sem eru skilgreind á mismunandi hátt eftir Evrópusambandinu og OECD. Þetta hefur verið reiknað út á Íslandi og til ýmsar tölur um það.

Á síðasta ári var ég í nefnd sem skoðaði þetta og þá voru lágtekjumörkin fyrir einstakling án barna 134 þúsund en eru núna samkvæmt nýjustu tölum háskólans 130 þúsund af því að lágtekjumörkin taka mið af þeim tekjum sem almennt gerast í samfélaginu hverju sinni. Þannig að með lækkandi tekjum almennt lækka fátæktarmörkin þó svo að framfærslan sé að hækka á sama tíma. Þó að bensínverð sé að hækka og matvæla-verð sé að hækka og skuldirnar séu að hækka, þá lækka fátæktarmörkin á sama tíma og tekjur lækka. Þannig að gallinn við allar þessar mælingar er sá að þær taka ekki tillit til þess hverju við eyðum og hvað við skuldum. Og það er það sem er kannski sérstakt við íslenska þjóð að hún skuldar svo mikið. En hvað sem því líður þá var kallað eftir því að setja fátækt á dagskrá næsta borgarstjórnarfundar og þar er ég tilbúin að fara betur í þetta.

**Forseti:** Borgarfulltrúi Björk Vilhelmsdóttir hefur lokið máli sínu. Fleiri hafa ekki kvatt sér hljóðs og er tillagan þá borin undir atkvæði borgarstjórnar. Tekin er til atkvæðagreiðslu tillaga borgarfulltrúa Vinstri grænna um að atvinnulausir og þeir sem þiggja fjárhagsaðstoð fái frítt í sund og fleira. Þeir sem samþykkja tillöguna gefið merki. Tillagan er samþykkt einróma. Fyrir er tekið þriðja mál á dagskrá sem er umræða um skýrslu rannsóknarnefnd Alþingis að beiðni borgarfulltrúa allra flokka. Til máls tekur hæstvirtur borgarstjóri.

**Bókun (flutt við lok fundar)**

**Porleifur Gunnlaugsson:** Forseti, borgarfulltrúar. Ég er með bókun vegna ákvörðunar borgarstjórnar um að veita atvinnalausum og fólki á fjárhagsaðstoð aðgang að sundlaugum og bókasöfnum gjaldfrjálst, sem hljóðar svo:

Borgarfulltrúar Vinstri grænna fagna einróma ákvörðun borgarstjórnar þess efnis að þeir íbúar borgarinnar sem eru atvinnalausir og þeir sem þiggja fjárhagsaðstoð fái frítt á sundstaði borgarinnar og frí notendakort að þjónustu Borgarbókasafns út árið 2010. Sú skoðun skal þó áréttuð að samfélag sem sættir sig við fátækt íbúa sinna er ekki gott samfélag og borgarstjórn hlýtur að hafa það í forgangi að allir íbúar borgarinnar hafi nægar tekjur til að framfleyta sér og sínum á sómasamlegan hátt.